Lista- og menningarráð - 154 : 23051649 - Fyrirspurn bæjarfulltrúa Margrétar Tryggvadóttur og Ísabellu Leifsdóttur um stöðu menningarstofnanna

Til	:	Pálmi Þór Másson <palmithor@kopavogur.is>
Frá	:	Soffía Karlsdóttir
Heiti	:	Lista- og menningarráð - 154 : 23051649 - Fyrirspurn bæjarfulltrúa Margrétar Tryggvadóttur og Ísabellu Leifsdóttur um stöðu menningarstofnanna
Málsnúmer	:	23051649
Málsaðili	:	Kópavogsbær
Skráð dags	:	25.05.2023 10:38:00
Höfundur	:	Soffía Karlsdóttir
Viðhengi	:	image001.jpg

Blessaður Pálmi

Hér er bókun frá lista- og menningarráði sem er vísað til þín:

23051649 - Fyrirspurn bæjarfulltrúa Margrétar Tryggvadóttur og Ísabellu Leifsdóttur um stöðu menningarstofnanna*Frá fulltrúa Vina Kópavogs og áheyrnarfulltrúa Samfylkingarinnar, dags. 19.05.2023, lögð fram fyrirspurn um stöðu menningarstofnana bæjarins og stöðu ráðsins.*

„Við Ísabella óskum eftir því að rætt verði á næsta fundi hver sé staða þeirra menningarstofnana sem meirihluti bæjarstjórnar hefur samþykkt að breyta verulega og/eða leggja niður, hvaða verkefnum verið er að sinna þar núna og hvernig gangi að koma þeim eitthvert annað. Eins óskum við eftir upplýsingum um stöðu ráðsins sem fer með stjórn menningarmála í bænum og stjórn húsanna sem verið er að leggja niður í því ferli.“

Bókun ráðsins:Erindinu er vísað til bæjarritara til umsagnar.

Bókun:

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Vina Kópavogs, Viðreisnar og Pírata telja algjörlega óásættanlegt að ekki hægt að svara því hver staða menningarstofnanna bæjarins sé og hver staða ráðsins við stjórn þeirra sé. Menningarhúsin í Kópavogi hafa verið stolt bæjarbúa og það er ámælisvert hvernig farið er með þau. Fulltrúar minnihlutans skora á meirihluta bæjarstjórnar að endurskoða ákvarðanir sínar um framtíð menningarhúsa bæjarins, bæjarbúum til hagsbóta.

Margrét Tryggvadóttir, Ísabella Leifsdóttir, Elvar Helgason og Matthías Hjartarson

Bókun:

Fyrirspurnin, sem er í nokkrum liðum, er sett í eðlilegan farveg og vísað til forstöðumanns lista- og menningarmála að svara á næsta fundi ráðsins.

Elísabet Sveinsdóttir Helga Hauksdóttir Kristín Hermannsdóttir

Bestu kv.

Soffía

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Soffía Karlsdóttir

Forstöðumaður menningarmála Kópavogsbæjar

441 7606 | 823 5040 | soffiakarls@kopavogur.is

Kópavogsbær kopavogur.is

Digranesvegur 1 | 200 Kópavogur | Sími 441 0000

Fyrirvari/disclaimer

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026